

## **Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 23. febrúar 2021 í Guðmundarstofu.**

Mættir: Hjörtur Bergstað, Íva Rut Viðarsdóttir, Hlíf Sturludóttir, Þórunn Eggertsdóttir, Sigurbjörn Þórmundsson, Árni Geir Eyþórsson, Leifur Einar Arason og Einar Gíslason.

### **1. Ársreikningur Fáks 2020**

Gjaldkeri kynnir ársreikning Fáks 2020. Umræður um ársreikninginn. Engar athugasemdir gerðar við framsetningu hans.

Stjórn samþykkir ársreikninginn samhljóða.

### **2. Fjárhagsáætlun Fáks 2021**

Gjaldkeri kynnir fjárhagsáætlun ársins 2021. Umræður um fjárhagsáætlunina. Engar athugasemdir gerðar við fjárhagsáætlunina.

Stjórn samþykkir fjárhagsáætlunina samhljóða.

### **3. Erindi frá Halldóri Ólafssyni félagsmanni í Fákí**

Ég undirritaður Halldór Ólafsson óska eftir að erindi mitt varðandi lokun reiðstíga sunnan reiðhalla fyrir umferð vélknúinna ökutækja verði tekið fyrir á næsta stjórnarfundum. Ef komist er að þeirri niðurstöðu að ekki eigi að loka reiðstígum fyrir umferð vélknúinna ökutækja, sjá meðfylgjandi mynd, eins og var fyrir Landsmót 2012, óska ég eftir skriflegum skýringum með rökstuðningi hvers vegna.

Stjórn tekur jákvætt í erindið. Framkvæmdastjóra er falið að ræða við bréfitara.

### **4. Erindi um að Fákur taki við línuvegi norður frá Fjárdal**

Landsnet sem lagði línuveginn norðan Fjárdal hefur skrifað drög að erindi á skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar um að skilja eftir hluta línuvegar norðan við Fjárdal. Erindi þeirra fjallar um að breyta framkvæmdaleyfi sínu sem snýr að þessum hluta línuvegarinn og færa umráðarétt yfir þessum slóða til Fáks. Allar breytingar sem þarf að gera á þessum línuvegi til að breyta honum í reiðveg sé á hendi Fáks.

Vegurinn er ekki á deiliskipulagi og því á enn eftir að fá hann formlega samþykktann. Í versta falli gæti Fákur þurft að fjarlægja slóðann á eigin kostnað. Fákur sendi erindi á borgina varðandi það að fá hluta línuvegarinn undir reiðleið. Var tekið jákvætt í það án þess að því væri lofað að það náist í gegn (sjá fylgiskjal). Framundan er fyrirhuguð skipulagsvinna fyrir þetta svæði og er Fákur meðal annars umsagnaraðili þess skipulags.

Stjórn samþykkir samhljóða að taka ábyrgð á slóðanum sem verður skilinn eftir.

### **5. Aðalfundur Fáks**

Laganefnd sem var falið að fara yfir lög félagsins er að leggja lokahönd á breytingar á þeim. Verða þær kynntar um leið og þær liggja fyrir.

Stefnt er að því að halda aðalfund fyrir árin 2019 og 2020 fyrir lok mars.

*Fundi slitið 18:15*

*Fundargerð ritaði Einar Gíslason*